

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ingibjargar Björnsdóttur og Vigfúsar Filippussonar frá Vatnsdalshólum“, útgefin á venjulegan hátt 13. des. 1949. ad mandatum af dómsmálaráðherra 13. des. 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ingibjargar Björnsdóttur og Vigfúsar Filippussonar frá Vatnsdalshólum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ingibjargar Björnsdóttur og Vigfúsar Filippussonar frá Vatnsdalshólum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Filippusi Vigfússyni, kaupmanni í Reykjavík, til minningar um foreldra hans, sem um langt skeið bjuggu í Vatnsdalshólum í Austur-Húnavatnssýslu.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur, og tekur hann á móti gjöfum og öðru framlagi, er honum kann að áskotnast.

4. gr.

Skólanefnd Sveinsstaðahrepps hefur stjórn sjóðsins á hendi og ávaxtar hann í sparisjóði Húnavatnssýslu á Blönduósi eða annarri tryggri peningastofnun. Skal stjórn sjóðsins halda gerðabók, þar sem bókaðar séu gerðir hennar, viðkomandi sjóðnum, og ársreikningar hans. Skal reikningsár hans vera almanaksárið.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun börnum, sem taka burtfararpróf úr barnaskóla og eru heimilisföst í Sveinsstaðahreppi. Skal veita verðlaunin því barni eða þeim börnum, sem skara fram úr í handavinnu þeirri, sem kennd er á hverjum tíma. Ef unnt er skal sjóðstjórnin hafa hlutaðeigandi kennara með í ráðum þegar hún úthlútar verðlaununum.

6. gr.

Samkvæmt 5. gr. skal árlega verja hálfum ársvöxtum sjóðsins. Hinn helmingurinn leggist við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

7. gr.

Úthlutun úr sjóðnum má hefjast, þegar stjórn hans telur nægilegt fé vera fyrir hendi samkvæmt 6. gr. Skal til að byrja með aðeins veita einu barni verðlaunin.

8. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 20000 — tuttugu þúsund — krónur má veita allt að $\frac{3}{4}$ ársvaxtanna samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 5. gr.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að nauðsyn krefji vegna breytts fyrirkomulags í skólamálum, enda sé öll stjórnin sammála um breytingarnar. Það

200 ákvæði skal þó haldast æfinlega, að aðeins börn, sem heimilisföst eru í Sveinsstaða-
13. des. hreppi, eins og hann er nú, verði aðnjótandi styrks eða verðlauna úr sjóðnum.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

P. t. Reykjavík, 5. nóv. 1949.

Filippus Vigfússon.

201

19. des.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 79 26. maí 1942, um breyting
á hafnarreglugerð Siglufjarðar, nr. 61 18. júlí 1928.

1. gr.

Á eftir 12. flokki í 9. gr. auglýsingarinnar komi:
13. flokkur. Gjald kr. 4.50 fyrir hvert tonn:

Brennsluolía (fuelolía).

Gjald þetta innheimtist án viðauka.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1949, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. desember 1949.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Páll Pálmason.

202

22. des.

AUGLÝSING

um iðgjöld fyrir búfjártryggingar.

Ársiðgjöld fyrir búfjártryggingar af hverjum 100 krónum váttryggingarfjár-
hæðar ákveðast til bráðabirgða þannig:

I. Búfé, sem skylt er að váttryggja (kynbótagripir):

| | |
|--|--------|
| Kynbótanaut, þar með taldir tarfkálfar, sem ætlaðir eru til kynbóta .. | 1 % |
| Kynbótahestar | 2,7 % |
| Hryssur (á kynbótabúum) | 2,25 % |
| Hrútar | 4,25 % |
| Ær, að meðtöldum gimbrum settum á vetur | 3,5 % |

II. Búfé í frjálsri tryggingu:

a. Gegn vanhöldum:

| | |
|--------------|--------|
| Kýr | 7 % |
| Naut | 1 % |
| Hrútar | 4,25 % |